

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/666****2023/EES/62/40****frá 22. apríl 2021****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar kröfur fyrir mannað flug í
U-rýmis loftrými (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 31. og 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽²⁾ er mælt fyrir um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu sem gilda fyrir almenna flugumferð.
- 2) Til að mögulegt sé að starfrækja með öruggum hætti mannað loftfar, sem fær ekki veitta flugstjórnarþjónustu, samhliða starfrækslu ómannaðs loftfars í U-rýmis loftrými (e. *U-space airspace*) er mikilvægt að veitendum U-rýmis þjónustu (e. *U-space service*) sé tilkynnt um staðsetningu mannaða loftfarsins. Þessu ætti að ná fram með því að gera mannað loftfar sýnilegt á rafrænan hátt og sýna með skilvirkum hætti staðsetningu þess með merkjasendingum með aðstoð kögunartækni.
- 3) Reglugerð (ESB) nr. 923/2012 ætti að fela í sér slíkar kröfur fyrir mannað flug sem er starfrækt í U-rýmis loftrýminu.
- 4) Slíkar nýjar kröfur ættu að bæta öryggi með því að auka næmi á aðstæður innan U-rýmis loftrýmisins.
- 5) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríki og hagsmunaaðilar, sem verða fyrir áhrifum, að fá nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum.
- 6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði til ráðstafanir í álitinu sínu nr. 01/2020 ⁽³⁾ í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 923/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 146. og 147. lið er bætt við 2. gr.:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 187. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

(3) <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

- „146) „U-rýmis loftrými“: landfræðilegt svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi (e. *unmanned aircraft system* (UA-kerfi)), sem aðildarríki hafa afmarkað, þar sem einungis er leyfilegt að starfrækja UA-kerfi með stuðningi U-rýmis þjónustu,
- 147) „U-rýmis þjónusta“: þjónusta sem byggist á stafrænni þjónustu og sjálfvirkum aðgerðum sem eru hannaðar til að styðja við öruggt, áreiðanlegt og skilvirkt aðgengi fjölmargra UA-kerfa að U-rýmis loftrými.“
- 2) Í stað SERA.6005 í 6. þætti viðaukans kemur eftirfarandi:

„SERA.6005 Kröfur varðandi fjarskipti, ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá og rafrænan sýnileika í U-rýmis loftrými

a) Talstöðvaskyld svæði (RMZ)

- 1) Í loftförum, sem eru starfrækt samkvæmt sjónflugsglumum í hlutum loftrýmis í flokkum E, F eða G og loftförum, sem eru starfrækt samkvæmt blindflugsglumum í hlutum loftrýmis í flokkum F eða G, sem lögbæra yfirvaldið hefur afmarkað sem talstöðvaskyld svæði, skal halda stöðugan hlustvörð fyrir talfjarskipti milli loftfara og jarðstöðva og koma á tviátta fjarskiptum, eins og þörf krefur, á viðeigandi fjarskiptarás, nema þau uppfylli önnur ákvæði sem veitandi flugleiðsöguþjónustu mælir fyrir um fyrir það tiltekna loftrými.
- 2) Áður en flogið er inn á talstöðvaskyld svæði skulu flugmenn framkvæma upphafskall á viðeigandi fjarskiptarás sem skal innihalda auðkenni þeirrar stöðvar sem kallað er í, kallmerki, tegund loftfars, staðsetningu, fluglag, tilgang flugsins og aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

b) Ratsjárvaraskyld svæði (TMZ)

Í öllum loftförum, sem eru starfrækt í loftrými sem lögbæra yfirvaldið hefur afmarkað sem ratsjárvaraskyld svæði, skal vera ratsjárvari fyrir kögunarsvarratsjá sem hægt er að nota í A- og C-starfshætti eða í S-starfshætti, nema þau uppfylli önnur ákvæði sem veitandi flugleiðsöguþjónustu mælir fyrir um fyrir það tiltekna loftrými.

c) U-rýmis loftrými

Mönnuð loftför, sem eru starfrækt í loftrými sem lögbært yfirvald hefur afmarkað sem U-rýmis loftrými og þar sem veitandi flugleiðsöguþjónustu veitir ekki flugstjórnarþjónustu, skulu gera sig stöðugt rafrænt sýnileg veitendum U-rýmis þjónustu.

- d) Í flugmálahandbókinni skal birta með tilhlýðilegum hætti upplýsingar um loftrými, sem eru afmörkuð sem talstöðvaskyld svæði, ratsjárvaraskyld svæði eða U-rýmis loftrými.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.